



FUNDARGERÐ
5. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 10. desember 2018
og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Skólaheimsóknir 2018 - 1811034

Heimsóknir í Laugalandsskóla og Leikskólann á Laugalandi

Stjórn Odda heimsótti húsakynni Laugalandsskóla og Leikskólans á Laugalandi undir leiðsögn skólalátnenda. Skoðuð var aðstaða og búnaður og rætt við starfsmenn.

2. Rekstraryfirlit Odda bs 10122018 - 1812010

Yfirlit um rekstur byggðasamlagsins lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit fyrir Odda bs janúar-nóvember.

3. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs - 1512003

Endurskoðun samþykktanna

Samþykktirnar hafa reynst mjög vel þau ár sem þær hafa verið í gildi og er ekki talin þörf á breytingum nema hvað uppfæra þarf greinar 10 og 11 þar sem kveðið er á um endurskoðun og gildistöku. Lagt er til að greinar 10 og 11 verði orðaðar á sama hátt og samþykktir fyrir Húsakynni bs og lagðar fyrir næsta fund sveitarstjórna.

Samþykkt samhljóða.

4. Skólaakstur á aksturssvæði Odda bs - 1709030

Tillaga um endurskoðaða aksturstaða.

Lagt var fram minnisblað frá fundum fulltrúa stjórnar Odda bs og skólabílstjóra. Niðurstaða viðræðnanna er tillaga um að gerð verði 10% hækkun á taxa eins og þeir eru í dag. Síðan verði taxtar uppreiknaðir skv. vísitölu líkt og áður hefur verið ákveðið og að það verði gert tvisvar á ári þ.e. í upphafi haust- og vorannar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Einnig var lagt fram til kynningar erindi frá skólabílstjórum varðandi akstur á viðburði utan skólatíma og mögulega þátttöku skólabílstjóra í námskeiðum o.þ.h. á vegum skólanna. Sveitarstjórum falið að ræða við skólalátnenda og afgreiðslu frestað til næsta fundar Odda bs.

5. Skólamötuneyti - endurskoðun fyrirkomulags - 1811037

Handwritten signatures and initials:
DU
MHG
B
9

Minnisblað

Lagt fram til kynningar minnisblað sveitarstjórnanna um stöðu málsins. Samþykkt að vinna áfram með málið á grunni minnsblaðsins sem fylgir með fundargerðinni.

6. Leikskólinn Heklukot - ný deild - 1811035

Upplýsingar um stöðu framkvæmda

Lagt fram til kynningar minnisblað um stöðu mála við undirbúning nýrrar leikskóladeildar við Heklukot.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.



Björk Grétarsdóttir


Haraldur Eiríksson


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Ágúst Sigurðsson



Ásta Berghildur Ólafsdóttir